

Stjórnarfundur Geðhjálp 30.03.2017

Mættir: Hrannar, Anna, Védís, Einar, Ragnheiður, Halldóra, Kári, Bergþór, Sylviane, Steindór, Þórður og Garðar Sölvi.

1. Yfirferð fundargerðar aðalfundar og síðasta stjórnarfundar, undirskriftir (HP).

Fundargerðir lesnar upp og samþykktar athugasemdalaust.

2. Kosning varaformanns, ritara og gjaldkera (HJ).

Þórður Ingbórsson var kosinn gjaldkeri, Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir var kosin ritari og Sveinn Rúnar Hauksson var kosinn varaformaður.

3. Skráning hjá ríkisskattstjóra (RSK). Nýir fulltrúar í stjórn Geðhjálparskrifa skrifa undir eyðublað um breytingu í stjórn (HJ).

Allir fundarmenn skrifuðu undir.

Kynning á Erasmusverkefni (EB).

Einar kynnti þátttöku sína í Erasmusverkefni um mótun námsefnis fyrir hjúkrunarfræðinema. Áhersla verður lögð á kenna verðandi hjúkrunarfræðingum að sýna notendum virka hlustun og virðingu. Þátttakendur í verkefninu verða á Íslandi 8.-12. maí næstkomandi. Geðhjálp býðst til að funda og hugsanlega bjóða þeim í mat eftir því hvað hentar best. Þátttakendurnir eru m.a. frá Noregi, Finnlandi, Írland, Hollandi og Ástralíu.

4. Umsókn um styrk til ÖBÍ (HJ).

Samþykkt var að sækja um rekstarstyrk og styrki til að halda kvíðafræðslunámskeið, málþing um geðheilsu barna, ljúka við www.rettindagatt.is og styðja starfsemi Bataskóla Íslands.

5. Bataskólinn – nýjustu fréttir (HP, AGÓ).

Greint var frá því að samningur við Reykjavíkurborg hefði verið samþykktur formlega í borgarráði fimmtudaginn 30. mars ☺. Hugmyndir eru uppi um formlega opnun 12. apríl.

Efnt var til almennra umræðna um skipulag og starfsemi Bataskólans. Rætt var um að helmingur stjórnar Bataskóla yrði að vera notendur.

6. Opnunartími bráðamóttöku geðsviðs (HP).

Umræður um skamman opnunartíma bráðadeildar geðsviðs og 5-7 daga lokun endurhæfingardeildar í sumar. Spurt var hvort ástæða væri til að senda út fréttatilkynningu vegna málsins. Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra að leita frekari upplýsinga um lokanir á spítalanum í sumar.

7. Styrkumsókn – Fyrirlestur um eitthvað fallegt – Gamanverk um kvíða (HJ, AGÓ).

Stjórnarmeðlimir kynntu sér styrkumsóknina og ákváðu að taka ákvörðun á næsta fund.

8. Tveir viðburðir – Stelpan, mamman & djöflarnir – og málþing í tilefni af opnun Réttindagáttar (HJ).

Geðhjálp tekur þátt í samstarfi með Bíó Paradís um sýningu myndarinnar Stelpan, mamman & djöflarnir laugardaginn 1.apríl nk. Rými er fyrir 200 boðsgesti. Stjórnarmenn voru hvattir til að mæta og taka með sér gesti.

Réttindagáttin verður formlega opnuð með málþingi í samvinnu við HR þann 4. maí. Þar fjallar dómsmálaráðherra um lögræðislögin og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, mannréttindalögfræðingur og þingmaður Pírata, um vefinn og helstu brotalamir í kerfinu. Hugsanlega verða svo einhverjir fyrirlesarar frá HR.

9. Önnur mál.

1. Hrannar óskaði eftir svörum frá fulltrúum í stjórninni um þrjú forgangsverkefni í geðheilbrigðiskerfinu.
2. Umræða spannst um „bótasvik“ bótaþega og mistök Ríkisendurskoðunar og vanvirðingu gagnvart bótaþegum.
3. Rætt var um hvort tímasetja ætti dagskrárliði í dagskrá stjórnarfunda.
4. „Cause of death unknown“ umræða um nýja norska kvikmynd um alvarlegar afleiðingar lyfjaneyslu og möguleika á því að sýna hana hér.
5. Vangaveltur um hvort efna eigi til stefnumótunarfundar í vor en ekki haust.

Fundi slitið kl. 19.10.